

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/2020

frá 23. október 2020

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um koltvísýringslosun nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/631 fellir úr gildi, frá 1. janúar 2020, reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 ⁽²⁾ og (ESB) nr. 510/2011 ⁽³⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21ayf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/313):

„21az. **32019 R 0631**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um koltvísýringslosun nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 (Stjtið. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr. 6. gr.:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

„Ef einungis framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum eru þátttakendur í samlaginu skulu framleiðendurnir senda upplýsingarnar til Eftirlitsstofnunar EFTA. Ef að minnsta kosti einn framleiðandi með staðfestu í Sambandinu og að minnsta kosti einn framleiðandi með staðfestu í EFTA-ríki er þátttakandi í samlaginu, skulu framleiðendurnir senda upplýsingarnar til framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA.“

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 3. mgr. 6. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna framleiðendum með staðfestu í EFTA-ríkjunum um það.“

c) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 6. gr.:

„Ef einungis framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum eru þátttakendur í samlaginu skulu framleiðendurnir í sameiningu senda upplýsingarnar til Eftirlitsstofnunar EFTA. Ef að minnsta kosti einn framleiðandi með staðfestu í Sambandinu er þátttakandi í samlaginu eða bætist við samlagið og að minnsta kosti einn framleiðandi með staðfestu í EFTA-ríki er þátttakandi eða bætist við samlagið, skulu framleiðendurnir í sameiningu senda upplýsingarnar bæði til framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA.“

d) Í 5. mgr. 6. gr. koma orðin „53. og 54. gr. EES-samningsins“ í stað orðanna „101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ og í stað orðsins „Sambandsins“ kemur „EES“.

e) Í 7. mgr. 6. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“.

f) Gögn úr skýrslugjöf aðildarríkjanna skulu einnig haldin í miðlægu skránni sem vísað er til í 4. mgr. 7. gr.

g) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 7. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal annast útreikningana skv. 1. undirgrein að því er varðar framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum og tilkynna hverjum framleiðanda með staðfestu í EFTA-ríkjunum útreikning sinn í samræmi við 2. undirgrein.“

h) Með fyrirvara um bókun 1 við samninginn, er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“ í 5. mgr. 7. gr. og 3., 4., 5. og 6. mgr. 10. gr.

i) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 1. mgr. 8. gr.:

„Ef framleiðandi eða samlagsstjóri er með staðfestu í EFTA-ríki skal Eftirlitsstofnun EFTA leggja á umframlosunargjaldið.“

Upphæð umframlosunargjaldsins skal dreift milli framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA í réttu hlutfalli við skráningu fjölda nýrra fólksbifreiða eða nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð eru í Evrópusambandinu eða EFTA-ríkjunum, hvorum um sig, samanborið við heildarfjölda nýrra fólksbifreiða eða nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráður er á EES-svæðinu.“

j) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 3. mgr. 8. gr.:

„Evrópusambandið skal nota leiðir sem það hefur ákvarðað til þess að innheimta umframlosunargjöld skv. 1. mgr., einnig í tengslum við skráningar í EFTA-ríkjunum á framleiðendum með staðfestu í Evrópusambandinu.

Eftirlitsstofnun EFTA skal ákvarða leiðir til þess að innheimta umframlosunargjöld skv. 1. mgr. Þessar leiðir skulu byggjast á leiðum framkvæmdastjórnarinnar.“

k) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 8. gr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, skulu EFTA-ríkin ákvarða úthlutun upphæða umframlosunargjaldsins.“

l) Í 1. mgr. 9. gr. er eftirfarandi bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“: „og Eftirlitsstofnun EFTA að því er varðar framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum,“.

m) Með fyrirvara um bókun 1 við samninginn, er orðunum „, eða, ef um er að ræða framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnina“ í 2. mgr. 10. gr. og 2. undirgrein 4. mgr.

n) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr. 11. gr.:

„Birgjar eða framleiðendur með staðfestu EFTA-ríkjunum skulu senda framkvæmdastjórninni umsóknir samkvæmt þessari grein. Framkvæmdastjórnin skal veita slíkum umsóknum sama forgang og öðrum umsóknum samkvæmt þessari grein.“

o) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 11. gr.:

„Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar til viðurkenningar á nýsköpunartækni samkvæmt þessari grein gilda almennt og skulu teknar upp í EES-samninginn.“

p) Ákvæði þessarar reglugerðar gilda ekki um Liechtenstein.“

2. Texti liðar 21ae (reglugerð (EB) nr. 443/2009) og liðar 21ay (reglugerð (ESB) nr. 510/2011) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/631, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram, eftir því hvor dagsetningin er síðar (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.